

um erlendar lántökur og leigusamninga vegna innflutnings á vélum, tækjum og búnaði til atvinnurekstrar, eða annarra heimilda veittra einstökum fyrirtækjum, teljast til lántöku og skulu rúmast innan þeirra heimilda sem tilgreindar eru í II. kafla.

12. gr.

Erlendar fjárhæðir skulu miðast við kaupgengi íslensku krónunnar samkvæmt gengisskráningu Seðlabanka Íslands á staðfestingardegi lánsfjárlaga.

13. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að yfirtaka skuldir Framkvæmdasjóðs Íslands að fjárhæð allt að 1.700 m.kr.

14. gr.

Lántökuheimildir og heimildir til veitingar ríkisábyrgða, sem tilgreindar eru í I.–III. kafla, gilda á árinu 1992. Heimildir samkvæmt lögum þessum verða þó nýttar til 1. apríl 1993 standi sérstaklega á og samþykki fjármálaráðherra komi til.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 24. janúar 1992.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Davíð Oddsson.

um breyting á lögum nr. 70/1985, um Framkvæmdasjóð Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. mgr. 1. gr. laganna orðast svo:

Framkvæmdasjóður Íslands (á ensku The Development Fund of Iceland) er eign ríkissjóðs og undir stjórn Lánasýslu ríkisins. Um starfsemi hans fer eftir lögum nr. 43/1990, um Lánasýslu ríkisins.

2. gr.

2. gr. laganna orðast svo:

Lánasýslu ríkisins er heimilt að endurfjármagna skuldir Framkvæmdasjóðs í nafni ríkissjóðs.

3. gr.

3.–6., 8. og 10.–11. gr. laganna falla brott og breytist greinatala samkvæmt því.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Lánasýsla ríkisins tekur frá sama tíma við umsjá allra eigna og skulda, krafna og skuldbindinga Framkvæmdasjóðs Íslands eins og þær standa við gildistöku laga þessara.

Gjört í Reykjavík, 24. janúar 1992.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Davíð Oddsson.